

ERINDISBRÉF

Stýrihópur um endurskoðun stefnu velferðarsviðs um velferðartækni

Ábyrgð: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

Inngangur:

Fyrsta heildstæða stefna Reykjavíkurborgar á sviði velferðartækni 2018-2022 var samþykkt í velferðarráði 12. febrúar og í borgarstjórn 6. mars 2018 ásamt aðgerðaáætlun sem yrði endurskoðuð í árslok 2018. Meðal aðgerða var að setja á fót velferðartæknismiðju, sem hóf starfsemi í maí 2018. Þann 20. febrúar 2019 var samþykkt í velferðarráði endurskoðuð og kostnaðarmetin aðgerðaáætlun.

Á þeim hart nær fjórum árum sem liðin eru frá því að stefnan um velferðartækni var samþykkt hefur orðið ör þróun á sviði velferðartækni og tímabært að huga að endurskoðun stefnunnar.

Markmið og hlutverk:

Markmið með stofnun stýrihópsins er að endurskoða fyrirliggjandi stefnu um velferðartækni og móta nýja stefnu til fimm ára ásamt kostnaðarmetinni aðgerðaáætlun til tveggja ára.

Verkefni:

1. Endurskoða og leggja fram nýja stefnu um velferðartækni til fimm ára.
2. Leggja mat á þann árangur sem hefur náðst í velferðartæknimálum sl. fjögur ár.
3. Leggja fram kostnaðarmetna aðgerðaáætlun til tveggja ára með skýrri forgangsröðun.

Stýrihópurinn skipa:

Elín Oddný Sigurðardóttir, formaður, fulltrúi velferðarráðs

Ellen Jacqueline Calmon, fulltrúi velferðarráðs

Sanna Magdalena Mörtudóttir, fulltrúi velferðarráðs

Sigbrúður Guðnadóttir, leiðandi verkefnastjóri velferðartæknismiðju

Kristín Sigurðurdóttir, verkefnastjóri velferðartæknismiðju, sem jafnframt er starfsmaður stýrihópsins

Vinnutilhögun:

Formaður leiðir hópinn og ákveður nánari tilhögun. Starfsmaður hópsins sér um utanumhald, boðun funda, ritun fundagerða og önnur praktísk atriði. Stýrihópurinn getur í samráði við sviðsstjóra falið sérstökum faghópum á velferðarsviði að vinna að ákveðnum verkefnum í tengslum við endurskoðunina, s.s. teymi árangurs og gæðamats og skrifstofu fjármála- og rekstrar.

Til ráðgjafar, samtarfs og samráðs:

Í starfi sínu skal hópinn hafa hagsmuni notenda að leiðarljósi og efna til samráðsfundar með helstu hagsmunaaðilum.

Starfstími:

Stýrihópurinn starfar á tímabilinu 13. janúar - 31. maí 2022.

Reykjavík, 5. janúar 2022

A handwritten signature in dark blue ink, reading "Regína Ásvaldsdóttir". The signature is fluid and cursive, with the first name "Regína" being more prominent.

Regína Ásvaldsdóttir,
sviðsstjóri